



29. apríl 2005

Félagslegt umhverfi Evrópubúa

Ágæti viðtakandi

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri og Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands standa fyrir könnun meðal Íslendinga sem jafnframt er framkvæmd í 30 öðrum löndum í Evrópu. Meginmarkmið er að skoða viðhorf almennings til ýmissa atriða s.s. heilsugæslu, fjölmiðla, stjórnmála og samfélags en einnig eru ýmsar spurningar um lífsgildi, fjölskylduna, stöðu á vinnumarkaði og vellíðan. Könnunin nær til 1.200 manna tilviljunarúrtaks fólks af öllu landinu.

Nafn þitt kom upp í úrtakinu og með þessu bréfi viljum við biðja þig að taka þátt í könnuninni. Mjög mikilvægt er að sem flestir svari, svo niðurstöður verði sem áreiðanlegastar. Þitt svar skiptir því miklu máli.

Könnunin fer þannig fram að spyrill á vegum Félagsvísindastofnunar hefur á næstu dögum samband við þig símleiðis og biður um að fá að heimsækja þig á heimili þitt á tíma sem þér hentar. Spyrillinn mun svo spyrja þig spurninga sem snerta ofangreind málefni og skrá svör þín. Við reiknum með að viðtalið geti tekið um það bil klukkustund. Í þakklætisskyni mun spyrill færa þér litla gjöf.

Könnunin er nafnlaus og hefur verið tilkynnt Persónuvernd og verður farið með öll gögn samkvæmt fyrirmælum hennar. Við úrvinnslu verður þess gætt að ekki verði hægt að rekja neinar upplýsingar í niðurstöðum til einstaklinga.

Þessi rannsókn er einstakt tækifæri til að afla samanburðarhæfra gagna um Íslendinga. Þegar fram líða stundir mun svo verða til gagnasafn um Evrópubúa sem verður opið og getur því stuðlað að mun upplýstari umræðu um þjóðfélagsleg mál og menningu þjóðarinnar. Þátttaka í þessu verkefni er því afar mikilvæg og á komandi árum munu gögnin í þessari rannsókn hafa svipað gildi í þjóðfélagssumræðu og hagtölur *OECD* hafa hjá þeim sem fjalla um hagnál.

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um einhver atriði sem snerta könnunina er þér velkomið að hafa samband við eftirtalda aðila: Hildi B. Svavarsdóttur, sími 525-4175, netfang hildursv@hi.is; Guðlaugu J. Sturludóttur, sími 525-4544, gjs@hi.is; eða annað starfsfólk Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í síma 525-4545.

Með von um góðar viðtökur,

dr. Friðrik H. Jónsson,
forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Kynningartexti

Góðan dag/gott kvöld, ég heiti Jóna Jónsdóttir og hringi á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Ég er að hringja í þá sem lentu í úrtaki í könnuninni **Félagslegt umhverfi Evrópubúa**. Hefur þú ekki fengið bréf frá okkur um þessa könnun?

Ef Já: Værir þú til í að taka þátt í könnuninni? Ef já: Hvenær hentar þér best að hitta mig?

Ef viðkomandi hefur ekki fengið kynningarbréfið:

Félagsvísindastofnun ásamt Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri og Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands standa þessa dagana fyrir könnun meðal Íslendinga sem jafnframt er framkvæmd í 30 öðrum löndum í Evrópu. Meginmarkmið er að skoða viðhorf almennings til ýmissa atriða svo sem heilsugæslu, fjölmiðla og samfélagsins en einnig eru ýmsar spurningar um lífsgildi, fjölskylduna og fleira. Könnunin nær til 1.200 manna tilviljunarúrtaks fólks af öllu landinu. Nafn þitt kom upp í úrtakinu og nú viljum við biðja þig að taka þátt í könnuninni. Við spyrjum ekki í gegnum síma, heldur þyrfti ég að fá að koma heim til þín og leggja fyrir þig spurningarnar. Viðtalið tekur um klukkustund og þeir sem taka þátt fá að launum litla gjöf. Hvenær myndi henta þér að hitta mig?

Ef viðkomandi er tregur:

- Mjög mikilvægt er að sem flestir svari, svo niðurstöður verði sem áreiðanlegastar.
- Fyllsta trúnaðar er gætt við þessa könnun, hún hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og ekki verður hægt að rekja niðurstöður til einstakra þátttakenda.
- Viltu að ég hringi í þig seinna, þegar betur stendur á? Hvenær viltu að ég hringi?